



Mismunandi lestraraðferðir

Við lestur fræði- og námsbóka ættir þú að nota **mismunandi lestraraðferðir**:

Til athugunar fyrir þig

Þessar leiðbeiningar eru til þess að hjálpa þér að auka námsleikni þína. Þú lærir að lesa þér til og festa þér í minni það sem þú þarft að muna eða langar til að vita. Ef þú fylgir þessum leiðbeiningum sem oftast þá getur þú smátt og smátt:

- **fundio** upplýsingar **í bókum**
- **hugsað** og notfært þér **eigin hugmyndir**
- **deilt** hugmyndum þínum **með öðrum**
- **aflað** upplýsinga og **skilið** með því að **lesa**
- **valið** þær upplýsingar **sem þú þarfnast**
- **skrifað** og notað **glósur**
- **skrifað** það sem þú hefur **lært**
- **notað** skýringarmyndir, línurit, súlurit og kort.

1 Venjulegur lestur

Byrjaðu á að lesa hratt yfir valinn kafla og átta þig á um hvað hann fjallar.

Ef þú þarft að muna efnið eða skilja þá lestu aftur vel yfir. Staldráðu við, rifjaðu upp og lestu fram og til baka í textanum. Oft þarftu að lesa vandlega öll orð í hverri málsgrein eða á hverri blað-síðu. Ef þú gerir það ekki gæti svo farið að þú skildir ekki textann eða tækir ekki eftir þýðingarmiklu atriði.

Notaðu orðabók til að finna merkingu orða sem þú skilur ekki.

2 Leitarlestur

Ef þú ert að **leita að upplýsingum** þarftu **ekki alltaf að lesa hvert orð**. Þú getur leitað í fljótheitum að þeim upplýsingum sem þig vantar.

Skönnun:

Þegar þú leitar að sértækum upplýsingum, t.d. heiti á dýri eða fyrirbrigði, er oft best að **skanna**.

- Líttu niður eftir línunum á blaðsíðunni. Lestu ekki hvert orð.
- Stansaðu þegar þú heldur að þú hafir fundio það sem þú ert að leita að.
- Lestu þennan hluta vel til að fullvissa þig um að þú hafir fundio það sem þú leitaðir að.

Skimun:

Þegar þú ert að gá að því um hvað er fjallað í tilteknu riti, eða hver eru aðalatriði þess, er oft best að **skima**.

- Renndu augunum yfir línurnar á blaðsíðunni.
- Renndu vísifingri niður síðuna á undan augunum.
- Lestu aðeins fyrirsagnir, aðalorð og setningar.

